

12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna.

Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrimælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af borgarstjórn Reykjavíkur er hér með staðfest skv. 28. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 15. febr. 1979 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 270, 10. ágúst 1978.

Iðnaðarráðuneytið, 8. febrúar 1979.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Jafet S. Ólafsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Reykjahlíðar nr. 231,
26. maí 1977, með síðari breytingum.

5. gr. hljóði þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a) Fastagjald kr. 30 950.00 á ári fyrir hvert hús.

b) Vatnsgjald kr. 130.00 á ári pr. m³. Þó skal reikna hálf gjald af bifreiða- og vélageymslum og óupphituðu rými í íbúðarhúsum.

Á gjöld þessi leggst söluskattur samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

7. gr. hljóði þannig:

Heimæðargjald Hitaveitu Reykjahlíðar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Hús allt að 300 m³ kr. 115 650.00.

Hús 300—2 000 m³ kr. 115 650.00 fyrir 300 m³ og kr. 101.00 á hvern rúmmetra þar yfir.

Öll gjöld í gjaldskrá þessari miðast við utanmál húsa. Stofngjald fyrir hvern aðrennslisemil umfram einn á sama inntaki er kr. 15 525.00.

11. gr. hljóði þannig:

Hitaveita Reykjahlíðar hefur rétt til að loka aðrennslis heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun aðrennslis heita vatnsins og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er, auk kr. 1 985.00 í hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Skútustaðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 15. febrúar 1979 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 8. febrúar 1979.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Jafet S. Ólafsson.